
# Fornleifakönnun vegna Fljótsdalsvirkjunar

*Adolf Friðriksson*



*Reykjavík 1998*

*Fornleifastofnun Íslands*

*FS053-98141*

Myndin á kápu er af vörðu NM-168 :017. Ljósmynd Adolf Friðriksson 15.8.1998.

© Fornleifastofnun Íslands 1998

Laufásvegi 2

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@mmedia.is

## Efni


1. kafli Inngangur ..... 4

2. kafli Um mat á umhverfisáhrifum á fornminjar ..... 5

3. kafli Rannsóknarsvæðið ..... 6

4. kafli Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði ..... 6

NM-167c Múlaafrétt ..... 7

NM-167d undir Fellum ..... 9

NM-164 Kleif ..... 13

NM-165 Egilsstaðir ..... 13

NM-166 Þuríðarstaðir ..... 14

NM-167 Valþjófsstaður ..... 14

NM-168 Hóll ..... 16

NM-169 Skriðuklaustur ..... 18

5. kafli Samantekt og niðurstöður ..... 20

Heimildir: ..... 21


Kort sem sýnir staðsetningu minjastaðanna er aftan við skýrsluna.

## 1. kafli Inngangur

Að ósk Landsvirkjunar gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Hafði Línuhönnun hf milligöngu um verkið og veitti aðstoð við upplýsingaöflun og undirbúning[1].

Nokkrar athuganir hafa áður verið gerðar á þessu svæði. Fyrstu fornleifaskráninguna sunnan (suðvestan) Lagarfljóts gerði Séra Vigfús Ormsson á Valþjófsstað fyrir dönsku fornleifanefndina árið 1821, en þær minjar sem þar er getið koma ekki við sögu nú[2]. Á árunum 1978-1983 lét Orkustofnun skrá fornleifar vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda og er til gagnmerk skrá Odds Sigurðssonar með allnokkrum minjastöðum. Í tilefni af svæðisskipulagsgerð skráði FSÍ skráði síðan heimildir um minjar (svæðisskráning) á miðhálendi 1996 og á Fljótsdalshéraði á árunum 1997-1998. Var stuðst við rannsóknargögn úr þessum athugunum. Þá hefur Helgi Hallgrímsson tekið saman upplýsingar um gangnamannakofa á Fljóstdalsafréttum.[3]

Undirbúningur að vettvangsvinnu hófst 1. júlí 1998. Tekin voru saman fyrirliggjandi gögn um fornleifar sem liggja nærri fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Farið var á vettvang dagana 14., 15., og 16. ágúst 1998. Undirbúning önnuðust Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, en vettvangsrannsóknir gerðu Adolf Friðriksson, Ragnar Edvardsson, Colin Amundsen og Jonas Wesley.

Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, fornleifar nærri framkvæmdasvæðum skoðaðar og kortlagðar. Í þessari skýrslu er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat, þar sem greint er frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

Höfundur þakkar Sigurjóni Páli Ísakssyni hjá Línuhönnun og Hreggviði Jónssyni hjá Landsvirkjun, auk Ingólfs Gunnarssonar á Valþjófsstöðum II og Gunnars Jónssonar á Egilsstöðum í Fljótsdal fyrir veitta aðstoð.

---

[1] Bréf Sigurjóns P. Ísakssonar til höf. dags. 27.07 1998.
[2] Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823 (1983) Sveinbjörn Rafnsson sá um útg., Reykjavík.
[3] Helgi Hallgrímsson. Samantekt um gangnamannakofa (göngukofa) á Fljótsdalsafréttum [hdr].

## 2. kafli Um mat á umhverfisáhrifum á fornminjar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta...". Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

Hér er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi. Engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask. Þó miðar í þá átt að unnt verði að gera markvissa fornleifaleit í þágu framkvæmda.

## 3. kafli Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið skiptist í þrjá hluta hluta: Múlaafrétt, sem liggur austan Jökulsár frá Norðurdal og að Eyjabakkajökli, Fljótsdælaafrétt, sem liggur vestan og ofan byggðar í Norðurdal vestan Jökulsár og loks láglendið vestan Jökulsár innan Bessastaðaár.

Gerð var heimildakönnun fyrir svæðið allt, en ekki var farið á vettvang á Múlaafrétt þar eð ekki var fært austur yfir Jökulsá þá daga sem unnið var á vettvangi. Endanlegar tillögur að hönnun Sauðárveitu austan Jökulsár liggja ekki fyrir og því ekki ljóst hver umhverfisáhrif þar verða. Er því nauðsynlegt að gera þar nánari athugun þegar hönnun svæðisins hefur verið lokið.

Farið var sérstaklega á þá minjastaði sem kunnugt var um úr heimildum. Þá voru skoðuð þau svæði sem gert er ráð fyrir að verði raskað vegna framkvæmdanna. Þ.e. veituframkvæmdir við Eyjabakka, Hafursá, Grjótá, Hölkná og Laugará. Þá voru skoðaðir fyrirhugaðir efnistökustaðir á afréttum og í byggð. Einnig voru skoðuð svæðin þar sem gert er ráð fyrir gangnamunnum og frárennslisskurði, það er s.k. aðkoma II-IV.

## 4. kafli Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-166:001).

Skráin byggir á heimildakönnun og vettvangsvinnu. Mikið starf hefur verið unnið við söfnun örnefna á þessum slóðum. Til eru á Örnefnastofnun skrár yfir örnefni allra bæja og afrétta á svæðinu. Auk þeirra var stuðst við jarðabækur og eldri fornleifaskrár. Nýttust allar þessar heimildir mjög vel við athugunina. Auk þeirra var stuðst við munnlegar heimildir ábúenda í grendinni.

Hér verður lýst þeim áhrifum sem fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa á mannvistarleifar á svæðinu. Fyrst er fjallað um fornleifar sem kunnugt er um samkvæmt fyrirliggjandi heimildum að séu á framkvæmdasvæðum. Síðan verður fjallað um fornleifar á þeim svæðum þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum en ekki hefur verið vitað um til þessa að þar gætu leynst fornleifar.

## *NM-167c Múlaafrétt*

Múlinn er svæðið milli Jökulsár og Kelduár og tilheyrði það Valþjófsstaðakirkju en er nú afréttarland jarðanna sem eru á milli ánna (Þorgerðarstaða, Arnaldsstaða, Múla og Glúmsstaða). Mörk við heimalönd eru Ytri-Snikilsá að vestan en Tunguá að austan. Frá Tunguá ræður Kelduá þar til Fremri- (Innri-) Sauðá rennur í hana og svo með henni að Sauðárvatni svi um Víðidalsvörp og sýslumörk um Geldingafell í Vatnajökul.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 10 minjastaði á Múlaafrétt. Athygli er vakin á eftirtöldum stöðum:

**NM-167c:009 Eyjabakkakofi/Bergkvíslarkofi**

Skammt NA við Eyjabakka, austan Jökulsár er gangnamannakofi, Eyjafellskofi á Múlaafrétt sem mun lenda undir uppistöðulóninu. Er hann á milli Kofakvíslar og Bergkvíslar 20 m frá jafnsléttu innarlega á Eyjabökkum, og stendur á grónum rana í 2 m hæð yfir jafnsléttu, um 50 m frá næsta læk. Helgi Hallgrímsson lýsir stasetningu hans svo: "Bergkvíslarkofi var innsti kofinn á Múlaafrétt. Hann stóð syðst og vestast á stykki því er Múlahraun kallast, milli Jökulsár og Keldár, inn við svonefnda Bergkvísl (ytri), sem fellur í Jökulsá, um 3 km frá Eyjabakkajökli. Kofinn stóð mjög nálægt kvíslinni, sem smám saman gekk á landið þarna og braut bakkann upp. Neyddust menn því til að færa kofann eða öllu heldur byggja annan, niðri á sléttlendinu við Jökulsá, utar og neðar en sá gamli var, og dálítið fjær Bergkvíslinni."

Eldri kofinn sem hér getur um stóð á bakka Bergkvíslar og hefur Niels Pétursson í Seli sagt Helga Hallgrímssyni að hann hafi komið að tóftinni "og hafi kvíslin þá verið búin að brjóta hann niður, nema annar stafninn stóð enn. Hann varð hissa að finna þar ræksni af gamalli olíuvél í tóttarbrotinu." Til er frásögn af hrakningum gangnamanna er þurftu að hafast við í þessum kofa um aldamótin 1900: "... svo rann inn um torfþekjuna, að vætlaði upp úr heyinu, sem var á gólfinu og liggja átti á. ... [seinna var] komið svo mikið vestanrok, að kvíslin, sem kofinn stóð austan við, á sléttum eyrum, rauk eins og mjöll yfir hann. Op eða gat var á kofaþekjunni, sem gegnið var út og inn um í stað dyra; var svo haft til þessa, að áin gæti ekki flætt inn í kofann, þótt hún bólgnaði upp í frostum."

Nýr kofi var byggður skömmu eftir þessa hrakninga og er til reikningur fyrir byggingu

hans frá 1901 og var hann smíðaur af Torfa Hermannssyni í Seli og Einari Hávarðarsyni á Glúmsstöðum. Kofinn var síðast notaður 1971 en 1972 var nýr kofi reistur á Hrakströnd sem tók við af Bergkvíslarkofa og Tungufellskofa.

Kofinn er rétthyrndur, 5,5 m x 6,0 m og snýr VNV-ASA. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og torfi, 1,0-1,5 m á hæð, með risi yfir úr bárujárni. Hellur og torf eru lögð á þakið. Dyr eru á VNV gafli og gluggi ofan við dyrnar.

Hættumat: Kofinn mun fara undir vatn Eyjabakkalóns.

Heimildir: OS:006; HH: Samantekt, 8-9, Göngur og réttir V, 390.

003

**NM-167c:010 Sjónarhólskofi**

Svo segir í örnefnaskrá fyrir Múla: "... í sunnanverðum Heiðarbug er Sjónarhólskofi (aflagður) á Sjónarhól. Skammt þar sunnar kemur kvísl í Kelduá, er heitir Folakvísl. Hún rennur alveg við kofann og kemur úr stöðuvatni þarna á söndunum, Folavatni."

Sjónarhólskofi er 150 m N við Folavatnskvíslarfoss í Kelduá, uppi á melhólskolli sem er um 10 m hærri en umhverfið. Helgi Hallgrímsson lýsir staðsetningu hans svo: "Sjónarhólskofi var innantil á Múlaafrétt, vestan Kelduár, beint austur af Snæfelli, innst í Heiðarárbug (Heiðarbug), sem er eknndur við Innri-Heiðará, er fellur í Jökulsá í Fljótsdal. Kofinn er á gróðurlítilli melöldu, er Sjónarhóll nefnist, um 1 km NV af þeim stað þar sem Folakvísl fellur í Keldá, en kvíslin kemur úr Folavatni, um 2 km SV kofans. Sunnan við kvíslina er Múlahraun, nokkuð áberandi klettahæð. Ýmsir hafa undrast staðsetningu þessa kofa, því að hann er ekki nálægt neinu vatnsfalli og myndi því vera erfitt að rata í hann í dimmviðri, en hins vegar sást hann langt að í björtu. Ekki er þar heldur nein beit."

Kofinn er talinn byggður af Baldvin Benediktssyni á Þorgerðarstöðum og er til reikningur fyrir kostnaði við bygginguna frá haustdögum 1897. Kofinn mun eingöngu hafa verið notaður í eftirleitum.

Hættumat: Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu um hönnun svæðisins austan Jökulsár, er kofinn utan framkvæmdasvæða.

Heimildir: Ö-Múlinn, bls 2; OS:007; HH: Samantekt, 7

**NM-167c:007 Hrakstrandarkofi**

Svæðið suðvestan við Innri-Heiðará meðfram Jökulsá heitir Hrakströnd (Hraksíða á Herf.r.korti).

Þar stóð kofi sem kallaður var Hrakstrandarkofi, örskammt utan við nýjan skála sem byggður var 1972.

Kofinn er austan Jökulsár í Fljótsdal á Hrakströnd, á barðbrún vestan í gildragi. Helgi Hallgrímsson lýsir staðsetningu hans svo: "Þessi gangnakofi er við Jökulsá, yst í tungunni milli hennar og Innri-Heiðarár, en tungan kallast Hrakströnd ... Inni á Múlanum, austur af kofanum, trónir Ragnaborg ... Flúðfoss er í Jöklu skammt frá kofanum, kallaður Hrakstrandarfoss." Lítið er vitað um gamla kofann á Hrakströnd og mun hann hafa verið aflagður fyrir löngu er ní kofinn var reistur 1972. Óljósar sagnir eru um að kofinn hafi lagst af vegna reimleika.

Hættumat: Tóftir Hrakstrandarkofa eru nálægt grjótnámu Q norðaustan lónstíflunnar en eiga ekki að vera í hættu ef aðgát er höfð.

Heimildir: Ö-Múlinn, 5; OS:004; HH: Samantekt, 9-10.

## *NM-167d undir Fellum*

Afréttarsvæði austan við Vesturöræfi og vestan við Jökulsá í Fljótsdal og eru mörk við heimalönd um Stóralæk. Svæðið tilheyrði Valþjófsstaðakirkju.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 19 fornleifar á Fljótsdælaafrétt. Athygli er vakin á eftirtöldum stöðum:

### NM-167d:002 Laugakofi

Laugafell er inn og upp af Laugakofa, sem er leitarmannakofi innan við Laugará. Þar hjá er heit laug sem er kölluð Lind. Helgi Hallgrímsson lýsir stasetningu hans svo: "Laugakofi er við rætur kollótts fells sem laugafell heitir, að norðaustan, og örstutt frá Laugará, sem rennur niður í Jökulsá fyrir utan fellið, og myndar bugðu þar sem kofinn er. Heit uppspretta er við kofann og rennur þaðan volgt vatn í lítinn poll eða baðlaug."

Tóftir kofans eru neðst í slakka, um 150 m sunnan við Laugará. Um 40 m sunnar standa nýlegir kofar. Tóftin snýr í NV-SA, hún er 6 m löng og 3 m breið að utanmáli. Veggir eru úr torfi og grjóti og þakið er fallið eða hefur verið fellt ofan í tóftina. Inn í henni liggja spýtur úr þekjunni.

Lauginni er fyrst lýst í sóknarlýsingu Valþjófsstaðasóknar frá 1840: "Í laug þessari eða pytti, sem gjörður er skammt fyrir neðan uppsprettuna og sett stífla fyrir, þá fyllast skal, laugar

sig með jafnaði gigtveikt og kláðafullt fólk, og þykir koma að góðu haldi, einkum þegar menn undir eins drekka vatnið úr sjálfri uppsprettunni. Þegar menn hafa laugað sig, er geta 4 í senn, er stíflan tekin úr pyttinum og vatninu hleypt burt." Í ágúst 1872 var enskur ferðamaður, Richard F. Burton að nafni, á leið upp að Snæfelli og kom við hjá Laugakofa: "Þegar við riðum niður hægri bakka [Laugarár], komum við að Laug, ... vatnið er við suðumark í uppsprettunni, og 115° [F] fáeinum skrefum neðar. ... Fimmtán skrefum [yards] vestan við Laugina er Laugarkofi ..., hreysi um 7 x 6 fet, með ólímdum grjótveggjum, niðurgrafinn um 2 fet; þakið er áreft torfþak, og stutt af einni stoð. Við hittum svo vel á að kofinn var í viðgerð ..."

Um 1950 var tofþak á kofanum (e.t.v. með járni undir) og raðað hellum ofan á þakbrúnina. Dyr austan á langvegg og opnast inn. Þessi kofi var síðar stækkaður og breytt í hesthús en nýr kofi var byggður við Laugaránа um 1980. Annað hesthús hefur einnig verið byggt á þessum stað, úr járni á timburgrind, og hestagerðing við kofann. Þá reisti Orkustofnun skála skammt frá gamla Laugaskálanum vegna virkjunarrannsókna.

Hættumat: Gert er ráð fyrir "Aðkomu II" austan Laugafells, á svonefndum Laugarási. Tóftir Laugarfellskofa og lindin eru um 1,5 km norðvestan við framkvæmdasvæðið og eru því ekki í uppnámi.

Heimildir: Ö-undir Fellum, 2; HH. Samantekt, 10-12; Göngur og réttir V, 393, 400; Richard F. Burton: Ultima Thule; or, A Summer in Iceland I-II, London 1875; Þorvaldur Thoroddsen: Landfræðisaga Íslands IV, 112; Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók, 287.

**NM-167d:003 Hálskofi**

Hálskofi er á móts við Þóriseyjar í Jökulsá í Fljótsdal þar sem áin rennur næst brekkunum S undir Snæfelli. Þar stendur hann á litlum hjalla eða klapparholti, um 100 m frá næstu kvíslum Jökulsár í Fljótsdal. Helgi Hallgrímsson lýsir staðsetningu hans svo: "Hálskofi er í brekkurótum austan undir Snæfellshálsi, utarlega, en svo nefnist raninn sem gengur SA úr Snæfelli, milli Þjófadals og Þóriseyja. Undirlendið milli Jökulsár og Snæfells er þarna einna mjóst. Nefnist það Snæfellsnes nokkuð utan við kofann, en Þjófagilsflói innan hans. Stutt fyrir utan kofann er Dimmagil, grafið í móberg, djúpt en víða örmjótt, svo jafnvel má stíga yfir það, og neðan þess myndarleg aurkeila á sléttunni."

Kofinn er rétthyrndur, um 7 m langur og 6 m breiður að utanmáli. Hann snýr SVNA. Hleðslur í veggjum eru úr grjóti og torfi, 1-1,5 m á hæð. Á kofanum er bárujárnsþak, timburgafl



Hálskofi NM-167d:003. Ljósmynd Ragnar Edvardsson 15.8.1998.

á risi NA-megin, torfgafl SA-megin.

Kofi var kominn á þessum stað 1872 og er getið um framlög til viðhalds hans í hreppssjóði 1880-81, 1893, 1898, 1899 og 1901 og mun hann þá hafa verið endurbyggður að stóorum hluta. Um 1935 var Hálskofi svo endurbyggður með járnþaki og veggirnir hækkaðir til muna.

"Gamlir Fljótsdælingar telja að Hálskofi sé byggður á sífrera, og draga þá ályktun af því, að veggir kofans hafa viljað síga og lækka óeðlilega hratt." (HH)

Ýmsar sögur eru til um gistingar í Hálskofa, þ.á.m. um reimleika og hefur Helgi Hallgrímsson tekið þær saman.

Hættumat: Hálskofi fer undir vatn Eyjabakkalóns.

Heimildir: OS:002; Ö-undir Fellum, 3; HH: Samantekt, 12-15.

**NM-167d:005 Grjóthleðsla**

Grjóthleðsla er um 70 m S frá Hafursárfossi austan Snæfells, upp á 7 m hárri klettabrún sem



Grjóthleðsla við Hafursárfoss NM-167d:005. Ljósmynd Adolf Friðriksson 15.8.1998.

skagar fram. Helgi Hallgrímson lýsir staðsetningu hennar svo: "Á innra gilbarminum við Hafursárfoss norðaustan undir Snæfelli, aðeins um 20-30 m frá fossbrúninni, er lítil ferköntuð tóft, um 2 x 2,5 m að innanmáli, hlaðin úr hellugrjóti sem er nóg af þarna, og sér ekki móta fyrir dyrum. Er líklegt að þetta hafi verið lítill kofi, ef til vill dyralaus, með helluþaki sem gengið var inn um, með því að lyfta einni hellunni."

Vegslóði sem liggur um Snæfellsnes og sunnan við Hafursá, er fast við grjóthleðsluna, en spillir henni ekki.

Hleðslan snýr u.þ.b. N-S, hún er 3,5 m á lengd en 2,5 m að breidd að utanmáli. Veggir eru hlaðnir úr hellugrjóti og eru að mestu hrundir saman, en virðast um 0,50 m breiðir neðst.

Ekki eru til heimildir um gangnamannakofa á þessum stað, en HH hefur eftir Sverri Þorsteinssyni á Klúku að tóft þessi gæti verið af gömlum eftirleitarkofa. Þá hefur Skarphéðinn Þórisson bent á að vel þekkt tófugreni sé í urðinni við fossinn og gæti tóftin því verið skotbyrgi þó hún sé nokkuð stór.

Hættumat: Grafinn verður skurður fyrir Hafursárveitu, norðan frá rótum Hafursfells og suður yfir Hafursá, u.þ.b. 200 austan við hleðsluna. Hleðslan er ekki í hættu vegna framkvæmda.

Heimildir: OS:001; HH: Samantekt, 12.

**NM-167d: 006 Aðalbólsvegur**

Á Aðalbólsvegi milli Kleifar í Fljótsdal og Aðalbóls í Hrafnkelsdal eru vörður. Þær liggja um þvera, slétta, mýrlenda heiði. Sumar eru hlaðnar úr torfi. Einhverjar þeirra voru endurbyggðar fyrir 30 árum.

Aðabólsvegur er merktur á uppdrætti Herforingjaráðsins nr. 94, 104 og 105.

Hættumat: Engin varða Aðalbólsvegar er hættulega nærri vinnusvæðum eða þeim vegum sem liggja um Fljótsdælaafrétt.

Heimildir: OS:010; Herforingjaráðskort

## *NM-164 Kleif*

Landamörk við Egilsstaði eru rétt utan við bæinn við Kleifará, sem steyptist þar í 10 fossum niður snarbratta hlíð, en að innan við Axará. Kleifarland nær inn á Svartöldu, og talið að liðinn sé fjórðungur af heiði og leið í Hrafnklesdal.

Heimild: SJM II, 48.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 18 fornleifar í landi Kleifar. Eru það leifar bæjarhúsa og útihúsa nærri bænum sem ekki eru í uppnámi. Vörslugarðar og sel innar í Norðurdal eru ekki nærri framkvæmdasvæðum.

Gert er ráð fyrir gangnamunna, "Aðkomu III" við Axará. Þar eru ekki sýnilegar minjar.

## *NM-165 Egilsstaðir*

Jörðin er næstinnst í Norðurdal, mörk við Þuríðarstaði eru við Þórisstaðalæk og að innan við Kleifará rétt utan við Kleif. Landið nær inn á heiði um Þóristjörn, Svartöldu, Eyrarselskróka og í Kleifará.

Heimild: SJM II, 46.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 17 fornleifar í landi Egilsstaða. Eru það leifar bæjarhúsa og útihúsa nærri bænum, stekkur, sel, varða og túngarður, en engin þeirra er nærri framkvæmdasvæðum.

## *NM-166 Þuríðarstaðir*

Landamerki við Hól eru heldur innar en gegnt Glúmsstöðum og við Egilsstaði við Ytri-Þórisstaðalæk, sem kemur úr Þóristjörn skammt uppi í heiðinni norður af Þórisfelli. Að ofan nær landið að Gilsárvötnum.


Heimild: SJM II, 44.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 18 fornleifar í landi Þuríðarstaða. Eru það leifar bæjarhúsa og útihúsa nærri bænum, kvíar, stekkur, sel, mylla og beitarhús, en engin þeirra er nærri framkvæmdasvæðum.

## *NM-167 Valþjófsstaður*

Jökulsá afmarkar Valþjófsstaðaland að suðaustan og austan.

Heimild: SJM II, 39.




Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 38 fornleifar í landi Valþjófsstaða.

Athygli skal vakin á eftirtöldum stöðum:

**167:015 Teigshús**

Tóftir beitarhúsa, í Valþjófsstaðateig. Vegurinn liggur skammt neðan við tóftirnar. Fjárhús með hlöðu eða heystæði. Þær snúa NV-SA og eru 24 m á lengd og 11 m á breidd að utanmáli. Veggir eru úr torfi og grjóti.

Hættumat: Þessar minjar standa fast við framkvæmdasvæði við "Aðkomu IV". Þær hafa þegar verið girtar af og eru því ekki í sýnilegri hættu.


Heimild: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

Heimildamaður: Ingólfur Gunnarsson, f. 12.08 1919, Valþjófsstöðum II.



Teigshús NM-167:015. Ljósmynd Adolf Friðriksson 16.8.1998.

**167:016 Gamlistekkur**




Stekkur var skammt fyrir utan Teigshús. Þar eru enn greinilegar minjar, í litlum og grösugum hvammi, undir kletti, um 200 m ofan við þjóveginn og 200 m NA við framkvæmdasvæðið.

Á þessum stað eru tvær tóftir. Annars vegar er gerði sem skiptist í tvö hólf og liggur hið stærra fast að klettaveggnum. Er stærra hólfið um 16 m langt og 12 m þar sem það er breiðast. Við suðausturhornið er minna hólf, 7 m langt og 6 m breitt. Dyr eru á suðausturhlið minna hólfsins og gengt í gegnum það inn í stærra hólfið.

6 metrum suðaustan við minna hólf gerðisins er önnur, minni tóft. Hún er ferhyrnd, um 6 m löng og 5 m breið, með dyrum á þeirri hlið er snýr í norðaustur.



Gamli stekkur NM-167:016. Ljósmynd Adolf Friðriksson 16.8.1998.

Hættumat: Minjarnar eru um 200 m frá framkvæmdasvæðinu. Engin hætta.

Heimild: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

Heimildamaður: Ingólfur Gunnarsson, f. 12.08 1919, Valþjófsstöðum II.

## *NM-168 Hóll*

Hóll er ysti bærinn vestan Jökulsár í Norðurdal. Merki við Valþjófsstað eru bein lína úr kletti við Teighúsahyl í Jökulsá og upp á Bjargbrún. Mörk við Þuríðarstaði eru við Klifklett við Jökulsá og fylgja læk upp fjallið um það bil mitt á milli bæjanna.
Heimild: SJM II, 42; Ö-Hóll, 2.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 18 fornleifar í landi Hóls. Athygli skal vakin á eftirtöldum stöðum:




Hólssel NM-168:008. Ljósmyndir Adolf Friðriksson 14.8.1998. Vesturhluti ↑; Austurhluti ↓



**NM-168:008 Hólssel**

Í Nautahlíð, ofan við Hól og skammt utan við bæinn, er Hólssel. Þar eru 3 tóftir. Sú stærsta þeirra er aflöng, þrískipt, um 16 m löng og 6 m breið að utanmáli. Hún snýr NNV-SSA, með dyr á miðjum SSA-gafli. 6 m frá suðvesturhorni hennar er önnur minni tóft. Hún er ferhyrnd, 9 m




löng og 6 m breið, með dyrum á suðausturhlið. Hún snýr NV-SA. 54 m í vestur frá norðvesturhorni stærri tóftarinnar er þriðja tóftin. Hún er tvískipt, aflöng, og snýr eins og stóra tóftin. Hún er 15 m löng en 9 m breið að utanmáli. Dyr eru á suðurgafli, og gengt er á milli hólfa.

Hættumat: Minjarnar eru um 250-300 m sunnar en fyrirhugað framkvæmdasvæði við "Aðkomu V" og ættu því ekki að var í hættu.

Heimildir: Ö-Hóll, 4; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21; SJM II, 42.

Heimildamaður: Ingólfur Gunnarsson, f. 12.08 1919, Valþjófsstöðum II.

**NM-168:017 varða**

Á hjallabrún beint ofan við Hólssel er varða. Varðan stendur yst út á brúninni, snarbratt klettabelti er austan hennar. Varðan stendur vel, um 1,40 m há.

Hættumat: Varðan er í um 250 m fjarlægð, suðvestur frá Aðkomu V og ætti því ekki að vera í hættu.

## *NM-169 Skriðuklaustur*

Land Skriðuklausturs nær þvert yfir Fljótsdalsheiði milli Jökulsánna beggja, í Fljótsdal og á

Jökuldal.

Heimild: SJM II, 35-36.

Samkvæmt Fornleifaskrá FSÍ er kunnugt um 38 fornleifar í landi Skriðuklausturs. Ekki er vitað um minjar sem lenda á framkvæmdasvæðum þar, en athygli skal vakin á eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir efnistökustað, að því er virðist við Vörðumel, hjá Melarétt. Þar mun hafa verið vörðunefna (NM-169:016) sem er nú horfin. Þótt Melarétt teljist ekki til fornleifa samkvæmt lögbundinni skilgreiningu, er æskilegt að gæta þess að henni verði ekki raskað.



Melarétt. Ljósmynd Adolf Friðriksson 14.8.1998.

## 5. kafli Samantekt og niðurstöður

Heimildarannsóknir og vettvangskönnun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Fljótsdalsvirkjunar hafa leitt í ljós að á svæðinu eru alls um 186 minjastaðir. Allflestir þeirra eru ekki í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einu augljósu minjaspjöllin eru þau að tveir gangnamannakofar munu lenda undir vatni. Ekki er nein opinber stefna um varðveislu gangnamannakofa, enda hefur sjaldan reynt á að varðveita þá vegna framkvæmda. Þess ber að geta að gangnamannakofar eru merkar minjar sem nú eru óðum að hverfa. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hve margir slíkir staðir eru varðveittir. Ber að leita til embættis þjóðminjavarðar um heimild til að farga þessum menningarminjum.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Hálskofi vestan Jökulsár mun fara undir vatn við gerð Eyjabakkamiðlunar.
- Eyjafellskofi austan Jökulsár mun fara undir vatn við gerð Eyjabakkamiðlunar.
- Hrakstrandarkofi austan Jökulsár er skammt frá grjótnámu "Q" og ber því að forðast rask nærri mannvistarleifunum vegna grjótnámsins.
- Melarétt er skammt frá þeim stað þar sem fyrirhugað er að sækja steypuefni "C" innan við Bessastaðaá. Mikilvægt er að gæta þess að réttinni verði ekki spillt.
- Grjótárveita, Hölknárveita, Laugarárinntak, Hafusárkvíslarinntak: Engar minjar eru sjáanlegar á þessum stöðum.
- Ekki var gerð athugun á áhrifum vegna framkvæmda við Sauðárveitu, enda mun hönnun hennar ekki vera lokið.
- Aðkoma IV:Teigshús. Landsvirkjun hefur þegar gert ráðstafanir til varðveislu Teigshúsa og Gamli stekkur sem er norðaustan þeirra er ekki í hættu.
- Aðkoma II, III: Engar minjar eru sjáanlegar á þessum stöðum.
- Hólssel og varðan ofan við selið eru um 250 m VSV við Aðkomu V. Æskilegt er að sýna aðgát á þeim stað.

## Heimildir:


*Fornleifastofnun Íslands*

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (ritstj.) 1994- *Ísleif.* Gagnagrunnur FSÍ. Reykjavík.

Helgi Hallgrímsson: Samantekt um gangnamannakofa á Fljótsdalsafréttum, [hdr].

Helgi Hallgrímsson: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21;

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir: Svæðisskráning fornleifa á Fljótsdalshéraði, Fornleifastofnun Íslands 1998.

*Orkustofnun*

**OS**: Handrit. Skráning Odds Sigurðssonar, Orkustofnun.

*Örnefnastofnun Íslands:*

**Ö-Kleif.** "Upplýsingar eru skrá Methúsalems Kjerúlf, sem skráð er eftir Þorfinni Sigmundssyni, sem fór svo aftur yfir það og staðsetti greinilegar." Ari Gíslason skráði, Eiríkur Eiríksson fór yfir og bætti við (heimildamaður Eiríks Þorfinnur Sigmundsson)

**Ö-Valþjófsstaður.**"Upplýsingar eru skrá Methúsalems Kjerúlf eftir Einar Svein Magnússon, sem fór aftur yfir það;..." Ari Gíslason skráði, Eiríkur Eiríksson endurskoðaði og bætti við (Heimildamenn Eíríks Þórarinn Bjarnason, Hjarðarfóli og "hjónin á Valþjófsstað")

**Ö-Múlinn.** Ari Gíslason skráði, Eiríkur Eiríksson fór yfir. Önnur skrá, samin af Eiríki Eiríkssyni og eru heimildarmenn Kjartan Hallgrímsson bóndi Glúmsstöðum og einkum Níels Pétursson bóndi Glúmsstaðaseli, einnig notuð skrá Ara Gíslasonar.

**Ö-Undir Fellum.** Ari Gíslason, Eiríkur Eiríksson. (Sigurður Gunnarsson bóndi Egilsstöðum og Sigfús Jónsson, fyrrv. bóndi Bessastöðum, heimildamenn)

**Ö-Hóll.** Ari Gíslason, Eiríkur Eiríksson.

Prentaðar heimildir:

Án höf., Fljótsdalsvirkjun. Samantekt um 210 MW virkjun. Landsvirkjun, júní 1998.

Orri Vésteinsson: *Fornleifar á miðhálendi Íslands,* Fornleifastofnun Íslands 1996.

**SJM:** Sveitir og jarðir í Múlaþingi.II, Egilsstaðir, 1975.

GRJÓTÁ DIVERSION

HÖLKNÁ DIVERSION

Aðalbólsvegur NM-167d:006

N

GLACIERS EDGE 1970

GLACIERS EDGE 1890

EYJABAKKAR RESERVOIR

HAFURSÁ DIVERSION

Snæfell Camp

hleðsla NM-167d:005

HAFURSÁRKVÍSL INTAKE

LAUGARÁ DIVERSION

Hálskofi NM-167d:003

ADIT I

ADIT II

Laugakofi NM-167d:002

Bergkvíslarkofi NM-167c:009

Hrakstrandarkofi NM167c:007

ADIT III

Sjónarhólskofi NM-167c:010

HEADRACE TUNNEL

SAUÐÁ DIVERSION

Hólssel NM-168:008

SURGE SHAFT

ADIT Varða NM-168:017

POWERHOUSE

ADIT IV

Teigshús NM-167:015

ACCESS TUNNEL

TAILRACE TUNNEL

Gamli stekkur NM-167:016

Melrarétt

Sauðárvatn

Eyjabakkajökull

Hágöngur

Blöndujökull

Kvíslarjökull

Öskjuvatn

Vatnajökull

Eyvindará

Fljótsdalsheiði

Fljótsdalur

Jökulsá í Fljótsdal

Fellsá

Sultará

Innri-Sauðá

Ytri-Sauðá

Kelduá

Foldá

Hölkná

Grjótá

Snæfellsskáli

Snæfellsháls

Axará

Langavatn

Eyrarselsvatn

Fremra-Gilsárvatn

Ytra-Gilsárvatn

Mjóavatn

Grjóthálsvatn

Hólmavatn

Garðavatn

Kristinarkíll

Lambakíll

Saubabanaækur

Keldudalur

Keldudalsvatn

Tungnavatn

Viðidalsá

Jökulsá í Lóni

Eyvindarfell

Snæfell

Snæfellshöfði

Grjótárhnjúkur

Stóri-Hnjúkur

Kringilsárrani

Múli

Hálsar

Axar-árvatn

Eyrarselsvatn

Mjóavatn

Garðavatn

Grjóthálsvatn

Hólmavatn

Fremra-Gilsárvatn

Ytra-Gilsárvatn

Lambakíll

Kristinarkíll

Saubabanaækur

Eyjabakkafoss

Kirkjufoss

Kvíslarfoss

Hafursárkvísl

Foldá